

1¼ '61.

241

Nr. 105.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 79 27. maí 1960, um skipan  
gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl.

### 1. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ákvæði 7. og 10. gr. hér að framan gilda ekki um gjafasendingar eða aðrar sendingar, að verðmæti allt að kr. 3000.00, sem ekki er ætlast til greiðslu fyrir, enda séu færðar sönnur á, að svo sé.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 18. apríl 1961.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Jónas H. Haralz.*

1¼ '61.

Nr. 106.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 78 27. maí 1960, um innflutnings-  
og gjaldeyrisleyfi.

### 1. gr.

Eftirtaldir liðir falli niður úr 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

27 19a Lakkbenzín (white spirit).

75 9 Bifhjól.

Niðurfelling þessa liðar er háð því skilyrði, að við tollafgreiðslu verði greitt gjald samkvæmt 16. gr. laga nr. 4 1960.

Liðurinn 71. kafli nr. 23 í 1. gr. reglugerðarinnar: Skraut og glysvarningur úr ódýrum málmum, orðist þannig:

71 23 Skraut og glysvarningur úr ódýrum málmum, þó ekki úrfestar.

B 31

## 2. gr.

2. töluliður 6. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörur, sem sjómenn eða flugmenn flytja sjálfir með sér í fari sínu til persónulegra nota hlutaðeigenda eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svonefnda áhafnagjaldeyri, þó ekki yfir 3000 króna verðmæti á mánuði.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 18. apríl 1961.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Jónas H. Haralz.*

Nr. 107.

19. apríl.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Bókmenntasjóð Félags íslenzkra rithöfunda, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. apríl 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Bókmenntasjóðs Félags íslenzkra rithöfunda.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Bókmenntasjóður Félags íslenzkra rithöfunda og er heimili hans og varnarþing í Reykjavík. Hann er stofnaður af Félagi íslenzkra rithöfunda, samkvæmt aðalfundarsamþykkt 7. marz 1961.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita félagsmönnum í Félagi íslenzkra rithöfunda bókmenntaverðlaun í viðurkenningarskyni fyrir ákveðin ritverk eða bókmenntaafrek. Verðlaun þessi ber fremur að líta á sem uppörfun og viðurkenningu en sem fjárveitingu. Og eigi skal sækja um styrk úr sjóði þessum. Viðurkenning Bókmenntasjóðs skal jafnan tilkynnt á fundi í Félagi íslenzkra rithöfunda, er haldinn verður næsta ár eftir úthlutun, og skal hún bókuð í fundargerð félagsins.

## 3. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku gjöfum og framlögum, er einstaklingar, fyrirtæki og félag vilja leggja fram. Þá skal sjóðurinn, fyrst um sinn, njóta árlegs framlags frá Félagi íslenzkra rithöfunda, er aðalfundur félagsins ákveður á hverjum tíma, og skal það fé lagt við höfuðstól sjóðsins. Einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna með öðrum hætti.

## 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 40000.00 — fjörutíu þúsund krónur —. Höfuðstólinn og það, sem við hann leggst má aldrei skerða. Fjórði hluti ársvaxtanna skal jafnan